

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 28. apríl 2017  
UST201704-102/G.B.I.  
04.01

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.). (Þingskjal 453 — 333. mál)**


Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 11. apríl 2017, þar sem Umhverfisstofnun var boðið að veita umhverfis- og samgöngunefnd umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (EES-reglur o.fl.). (Þingskjal 453 — 333. mál). Sambærilegt frumvarp var lagt fram af umhverfis- og auðlindaráðherra á 145. löggjafarþingi 2015–2016 (Þingskjal 1098 – 670. mál) og sendi Umhverfisstofnun umhverfis- og samgöngunefnd umsögn um frumvarpið dags. 30. maí 2016.

Ein meginbreytingin sem gerð hefur verið á frumvarpinu, frá því frumvarpi sem lagt var fram á 145. löggjafarþingi, er sú að felld var brott ný grein (sbr. 17. gr. frumvarpsins) sem veita átti Umhverfisstofnun heimild til að leggja stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila sem brotið hefur gegn tilteknum ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs. Í 5. tl. í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að ákveðið hafi verið að taka þetta atriði frumvarpsins út og taka til endurskoðunar með það fyrir augum að taka það upp í tengslum við framlagningu frumvarps til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem fyrirhugað er að leggja fram á 147. löggjafarþingi. Umhverfisstofnun telur að hér sé um að ræða afar mikilvæga heimild til stofnunarinnar og því mótmælir stofnunin því harðlega að fallið sé frá að veita þessa heimild nú þegar í lögum um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun vekur athygli á að markaður með úrgang fer sífellt stækkandi og að fjárhagslegir hagsmunir sem snerta úrgangsmál aukist um leið. Brotum gegn ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs getur því fylgt meiri fjárhagslegur ávinningur en áður. Þetta er veruleiki sem þegar er til staðar. Stofnunin bendir á að hún hefur nú þegar sambærilegar heimildir samkvæmt efnalögum, nr. 61/2013, og er unnið að nánari úfærslu á beitingu stjórnvaldssekta samkvæmt þeirri heimild, sbr. drög sem liggja fyrir að reglugerð um stjórnvaldssektir fyrir brot á einstökum ákvæðum efnalaga nr. 61/2013. Markmið með beitingu stjórnvaldssekta er að hafa möguleg úrræði til að takast á við brot sem þegar hefur verið framið og hinn brotlegi aðili hefur hagnast á brotinu. Það er Umhverfisstofnun nauðsynlegt að fá slíka heimild til að bregðast við brotum gegn ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs sem þegar hafa verið framin. Mikilvægt er að við þróun heimilda eftirlitsstofnana sé litið til alþjóðlegrar þróunar og að heimildir séu skilvirkar þannig að ábyrgar stofnanir geti brugðist við brotum á reglum með

ápreifanlegum hætti. Ef athafnir einstaklings eða lögaðila teldust brjóta gegn ákvæðum laganna myndi stofnunin byrja á að beita vægustu úrræðum hverju sinni, í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, en í sumum tilfellum er málum þannig háttað að nauðsynlegt er að ljúka broti með álagningu stjórnvaldssektar.

  
Kristín Linda Arnadóttir  
forstjóri

Virðingarfyllst

  
Guðmundur B. Ingvarsson  
teymisstjóri